

Stjórnarfundur nr. 7

21. janúar 2015 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th Viðarsdóttir, Ragnhildur Gísladóttir, Brynja Tomer, Herdís Hallmarsdóttir, Guðmundur Guðmundsson og Sóley Möller. Arinbjörn Friðriksson boðaði forföll

1. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

Búið er að færa allt bókhald fyrir 2014 og verið er að leggja lokahönd á að bóka reikninga sem bárust í janúar en tilheyra fyrra ári. Afstemmingar eftir og er það von mín að við ættum að geta komið bókhaldinu til endurskoðanda í mars.

Félagsgjöld voru ekki send í innheimtu fyrr en 6. janúar þar sem ljóst var seint í desember að þær breytingar, sem átti að gera á kerfinu til að félagsgjöld tekjufærðust við greiðslu voru ekki að virka sem skyldi. Um 2100 félagsgjöld voru send í innheimtu. Nú þegar hafa 854 greitt og reikna má með að mikið skili sér um næstu mánaðamót. Skráning á febrúarsýningu og í augnskoðun í lok febrúar fer vel af stað. Búið er að bóka flug og hótél fyrir alla dómara en að þessu sinni er áætlað að vera aðeins með fimm dómara í stað sex sem voru venjulega á síðasta ári. Með þessu sparast bæði pláss á sýningasvæðinu og auðvitað heilmikill kostnaður. Hins vegar verður dagskrá báða sýningardagana lengri, en það þess virði að láta reyna á þessa fyrirhögun.

Hvolpasýning HRFÍ og Royal Canin á Íslandi verður haldin í Gæludýr.is á Korputorgi laugardaginn 24.janúar. 127 hvolpar eru skráðir til leiks. Dómarar eru dómaranemarnir Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Daníel Örn Hinriksson, Inga Björk Gunnarsdóttir og Þórdís Björg Björgvinsdóttir. Að venju greiða Dýrheimar, umboðsaðili Royal Canin, allan kostnað við sýninguna ásamt því að gefa öll verðlaun. Eiga þau þakkir skilið fyrir stuðninginn. Um kvöldið verður svo uppskeruhátíð félagsins haldin í Húnabúð í Skeifunni. Rúmlega 100 miðar eru seldir en pláss er fyrir 130 manns í sæti. Félagið mun heiðra þrjá stigahæstu ræktendur á sýningum HRFÍ árið 2014. Veislustjórar verða Ragnar Sigurjónsson og Sigrún Guðlaugardóttir. Hjálmar Sveinbjörnsson mun sjá um tónlist. Lofa þau öll frábærri skemmtun. Happdrætti verður að venju.

2. Tillögur Brynju að glærुकynningu með stjórnnum ræktunardeilda.

Stjórnarmenn fari yfir tillögur Brynju fyrir fundinn þar sem koma fram helstu punktar úr lögum HRFÍ og starfsreglum fyrir ræktunardeildir.

Ákveðið að hafa kynningarkvöld 26., 27. og 28. janúar og 4. febrúar í húsnæði HRFÍ frá kl.19:00-20:30 svo framarlega að stjórnarmenn geti mætt með svo stuttum fyrirvara. Fundarboð verður sent á allar ræktunarstjórnir á morgun.

3. Erindi frá Schäfferdeild – tölvupóstur 4. desember

Á stjórnarfundum 17. desember sl. var ákveðið að boða þá sem enn eru í stjórn deildarinnar á næsta fund stjórnar HRFÍ þann 21. janúar kl.17:30.

Mættu þær Írís Hlín Bjarnadóttir og Rúna Helgadóttir Borgfjörð, sem sitja í stjórn deildarinnar. Þær segja að það sé mikil jákvæðni meðal félagsmanna í deildinni og eru þær bjartsýnar að það náist auðveldlega að manna nýja stjórn. Þær telja engan áhuga á að sameinast fjár- og harðhundadeild en á síðasta ársfundi deildarinnar var þeirri hugmynd hafnað. Ákveðið er að halda ársfund deildarinnar í byrjun mars og í framhaldinu sækja um deildarsýningu.

4. Bréf frá íslenskum fuglahundadómurum í dómarráði – tölvupóstur 13.08.

Tveir veiðiprófsdómarar og Henning mæta á fundinn kl.18:00.

Erindinu frestað þar sem fulltrúar frá dómarráði boðuðu forföll f.h. í dag.

5. Augnskoðun hunda – tölvupóstur frá framkvæmdastjóra 27. nóvember.

Frestað á síðasta stjórnarfundum – Ákveðið að boða umræddan aðila á fund með stjórn þegar þetta mál verður tekið fyrir.

6. Stefnumörkun

Einangrunarhópurinn er búinn að stofna lokaða facebook grúbbu. Aðrir hópar hafa ekki kallað saman fund. Brynja Tomer ætlar að gera auglýsingu þar sem óskað er eftir fleirum í fjóra hópa sem vantar fleira fólk í.

7. Erindi frá Yorkshire terrierdeild - tölvupóstur 19. janúar.

„Við, stjórn Yorkshire terrier deildar HRFÍ, byðjum ykkur, út frá bréfi er við fengum frá Vísindaráði þann 18 september 2014, gefa okkur upp nöfn þeirra aðila er voru í vísindaráði þann 26 ágúst 2014.

Þeir sem sáu um að fjalla um okkar málefni sem lenti á borði hjá þeim, PRA í stofni Yorkshire terrier. Þar sem ekki var fundað, heldur var fjallað um erindið með tölvupóstsamskiptum, byðjum við ykkur vinsamlegast um að senda okkur afrit af þeim samskiptum.“

Ákveðið var á stjórnarfundum 17. desember sl. að boða fulltrúa frá deildinni á fund stjórnar. Sigrún Gréta Einarsdóttir, tengiliður, Ásthildur Helga Bragadóttir meðstjórnandi og Kristine Erla Olson formaður mættu á fundinn kl.18:00. Lýstu þær óánægu sinni með nýsetta kröfu um augnskoðun og DNA próf sem tók gildi 1. janúar sl. Fram kom á fundinum að starfsfólk skrifstofu hefði beðið um að þessi krafa væri sett eftir að hundur hafði greinst með PRA. Beiðnin var send til Vísindanefndar HRFÍ sem beindi þeim tilmælum til stjórnar HRFÍ að samþykkja þessa kröfu. Fannst fulltrúum deildarinnar að gengið hefði verið fram hjá þeim við þessa ákvarðanatöku. Framkvæmdastjóri benti á að tilmæli hefðu verið send til ræktunarstjórnar um að setja þessar kröfur en því ekki verið sinnt. Benti framkvæmdastjóri jafnframt á að þessi háttur væri yfirleitt hafður á ef PRA greindist í tegund. Sá vilji kom skýrt fram í máli fulltrúa deildarinnar að kröfum, sem stjórn HRFÍ samþykkti, verði aflétt. Þeir telja enga þörf á augnskoðun en eigendum hunda er í sjálfsvald sett hvort þeir láti augnskoða hunda sína. Stjórn deildarinnar muni hins vegar ráðleggja ræktendum innan deildarinnar að DNA prófa alla hunda. Fulltrúar yfirgáfu fundinn eftir nokkrar umræður. Stjórn HRFÍ samþykkti að krafan mundi standa óbreytt en verði endurskoðuð eftir 5 ár (1.janúar 2020)

8. Erindir frá stjórn Schnauzerdeildar – tölvupóstur 8. desember

Formanni láðist að setja þetta erindi á dagskrá stjórnarfundar 17. desember.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru sammála um að það er ekki starf framkvæmdastjóra að gerast ráðgefandi um ræktunarstarf í deildum. Farið var yfir samskipti, sem áttu sér stað við umrætt tilvik og ekkert bendir til að svo hafi verið. Daglega koma hins vegar inn

fyrirspurnir um heilsufar undaneldisdýra og svarar starfsfólk skrifstofu þeim fyrirspurnum eftir bestu getu.

9. Erindi frá Vinnuhundadeild HRFÍ – tölvupóstur 15. janúar 2015.

„Hér kemur ósk vinnuhundadeildarinnar um Vinnupróf 2015 (Hlýðni og Spor). Stjórn óskar eftir að dagskrá verði samþykkt með fyrirvara um að dómara sem skráðir eru á prófi geti dæmt og að aðrir dómara með réttindi verði varadómara á prófin. Að auki óskar stjórn eftir að Sporaprófið verði samþykkt án þess að nákvæmar dagsetningar liggjir fyrir og dagsetningar verði birtar með lámark 2 vikna fyrirvara og háð veðri. „

Samþykkt með ofangreindum fyrirvörum Vinnuhundadeildar.

10. Erindi frá Fuglahundadeild – tölvupóstur 20. janúar 2015.

„Kæra stjórn og framkvæmdarstjóri HRFÍ.
Í fyrra sótti Fuglahundadeildin um að halda veiðipróf dagana 18.-20. september en fékk ekki samþykki frá stjórn HRFÍ, vegna þess að þetta stangast á við sýningu & augnskoðun. Við höfum reynt að leita allra leiða til að halda prófið á öðrum tíma, en því miður er það ekki hægt því helgarnar tvær á undan eru bændur með skálann á leigu og eru við fjárleitir. Ekki er hægt að byrja fyrr t.d. í ágúst, en það vegna þess að þá myndum við þurfa að hvetja fólk til að fara að æfa fyrr og það er dónaskapur við náttúrunna og ekki það sem félagsmenn FHD standa fyrir. Eins teljum við það ekki boðlegt að halda próf upp á miðju hálandi Íslands þar sem á þeim tíma er allra veðra von og meiri hætta á verri veðrum. Við gerum ráð fyrir að á bilinu 12-18 manns mæti í prófið og hafa þau takmarkaðann áhuga á sýningum, svo við gerum ekki ráð fyrir að þetta muni draga úr skráningu á sýningu félagsins. Á hverju ári er Áfangafellsprófið lang stærsti viðburðurinn á vegum deildarinnar og bíða margir eftir þessum viðburði með mikilli eftirvæntingu. Við vonumst því til að stjórn HRFÍ taki tillit til þessara aðstæðna sem hafa skapast og samþykki beiðni stjórnar FHD um að halda veiðipróf dagana 18.-20. september.“

Samþykkt

11. Önnur mál

Fundi slitið kl.20.30